

Nr. 298

14. febrúar 2007

GJALDSKRÁ fyrir kattahald í Sveitarféluginu Árborg.

1. gr.

Eigendur katta í Sveitarféluginu Árborg skulu greiða bæjarsjóði skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykkta um kattahald í Sveitarféluginu Árborg, nr. 1209/2005.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattar skal innheimt gjald að upphæð kr. 1.050. Fyrir hverja handsömun skráðs kattar, sem er á flækkingi og veldur ónæði skal eigandi hans greiða kr. 1.575 til að fá köttinn afhentan aftur.

Ef eigandi gefur sig ekki fram innan sjö sólarhringa og greiðir handsömunargjaldið og annan áfallinn kostnað er heimilt að aflifa köttinn, sbr. 8. gr. samþykkta um kattahald í Sveitarféluginu Árborg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með vísan í 10. gr. samþykkta um kattahald í Sveitarféluginu Árborg, og staðfestist hér samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Sveitarféluginu Árborg nr. 91/2006.

Samþykkt í heilbrigðisnefnd Suðurlands 6. febrúar 2007 og í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar 14. febrúar 2007.

Selfossi, 14. febrúar 2007.

Ragnheiður Hergeirs dóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. apríl 2007